

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Lundur. Leiksvæði. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. nóvember 2023 breytingu á deiliskipulagi Lundar fyrir leiksvæði norðaustursvæða. Í breytingunni felst að komið verði fyrir stóru leik- og útivistarsvæði norðan Lundar 88-90 og vestan Lundar 60, 66 og 72. Fallið er frá boltavelli á því svæði sem og körfuboltavöllum austan Lundar 86 og Lundar 5 og 11. Breytingin nær aðeins til grænna svæða, leiksvæða og göngustíga á skipulagssvæðinu.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 7. mars 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2024